



Mennta- og barnamálaráðuneytið
b/t Ingu Sæland, ráðherra
Borgartúni 33
105 Reykjavík

Vestmannaeyjar, 6. júlí 2026
Tilv. 200804058

Efni: Áskorun um endurskoðun lagaumhverfis vegna vinnuskóla sveitarfélaga

Bæjarstjórn Vestmannaeyja vill með bréfi þessu koma á framfæri alvarlegum áhyggjum af þeirri stöðu sem upp er komin varðandi þátttöku barna í vinnuskóla sveitarfélaga vegna gildandi reglna um aldursmörk til vinnu. Fjölskyldu- og tómstundaráð Vestmannaeyjabæjar fjallaði um málið á fundi sínum 26. júní 2026 og bæjarstjórn Vestmannaeyjabæjar hefur í kjölfarið tekið heilshugar undir þá afstöðu ráðsins að núverandi fyrirkomulag sé bæði ósanngjarnt og óásættanlegt.

Það er mat bæjarstjórnar að verið sé að mismuna börnum innan sama árgangs þegar kemur að þátttöku í vinnuskóla sveitarfélagsins. Afleiðingin er sú að börn sem hafa lokið sama skólaári og tilheyra sama árgangi njóta ekki sömu tækifæra til þátttöku, heldur ræðst aðgangur þeirra af fæðingardegi einum saman. Í Vestmannaeyjum hafa afleiðingar þessa komið skýrt í ljós, þar sem stór hluti barna sem sóttu um vinnuskólann í ár getur ekki hafið störf á sama tíma og jafnaldrar þeirra.

Í Vestmannaeyjum hefur vinnuskólinn um áratugaskeið verið mikilvægur þáttur í uppeldi og samfélagsþátttöku ungmenna. Þar fá börn fyrstu kynni sín af atvinnulífi og læra ábyrgð, stundvísi, samvinnu og virðingu fyrir vinnu. Vinnuskólinn er því ekki aðeins sumarstarf heldur mikilvægur liður í menntun og þroska ungmenna ásamt því að þau geti ræktað sín félagslegu tengsl sem kemur í veg fyrir einangrun ungmenna.

Bæjarstjórn Vestmannaeyja telur að núverandi lagaumhverfi leiði til mismununar barna innan sama árgangs og kallar eftir endurskoðun þeirra lagaákvæða sem valda þeirri stöðu. Lög og reglur eru mannanna verk og þeim verður að vera hægt að breyta þegar þær leiða til augljóslega ósanngjarnra niðurstaðna fyrir börn og fjölskyldur þeirra.

Bæjarstjórn skorar því á ráðherra málaflokksins og alþingi að beita sér fyrir breytingum á gildandi lagaumhverfi þannig að öllum börnum sem lokið hafa 7. bekk verði tryggður jafn réttur til þátttöku í vinnuskóla sveitarfélaga, óháð fæðingardegi. Jafnframt er farið fram á að ráðuneytið taki málið til sérstakrar skoðunar í samráði við sveitarfélög landsins með það að markmiði að tryggja jafnræði barna og eðlilegan rekstur vinnuskóla til framtíðar.



Að lokum óskar bæjarstjórn Vestmannaeyja eftir skriflegu svari við þessu erindi og upplýsingum um hvort fyrirhugað sé að endurskoða gildandi lagaákvæði eða leita annarra leiða til að bregðast við þeirri stöðu sem upp er komin.

Virðingarfyllst,
fyrir hönd bæjarstjórnar Vestmannaeyja

Íris Róbertsdóttir,
bæjarstjóri Vestmannaeyjabæjar